

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 10.3.2022  
UST202202-230/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Bergholt - Flóahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 21. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Bergholt í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að afmarka byggingarreit fyrir íbúðarhús og útihús. Innan byggingarreits er heimilt að byggja íbúðarhús að hámarki 250 m<sup>2</sup>, allt að 1000 m<sup>2</sup> útihús/skemmu og tvö smáhýsi, 70 m<sup>2</sup> hvort. Auk þess kemur fram að samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru vistgerðir á svæðinu tún og akurlendi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur